

Fjarðabyggð 6. nóvember 2024

Bt.

Bæjarráðs Fjarðabyggðar

Þar sem Fjarðabyggð hefur undirritað Þjóðarsáttmála um læsi;

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/thjodarsattmali-um-laesi/>

viljum við forstöðumenn á bókasöfnunum í Fjarðabyggð, höfða til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar um að veita bókasöfnunum styrk/aukafjárveitingu.

Þann pening myndum við nýta til að kaupa bækur á Barnabókamessu bókaútgefenda, sem haldin er í nóvember ár hvert. Þar er hægt að kaupa nýjar barna- og ungmennabækur á heildsölukjörum.

Verkefni þetta var stofnað árið 2017 með það fyrir augum að efla safnkost skólabókasafna og jafna aðgengi barna að nýjum bókum á íslensku. Með einstökum kjörum geta söfnin keypt inn fleiri bækur fyrir fjárveitingu sína.

Þar sem verð á bókum hefur hækkað langt yfir þá % sem við fáum árlega teljum við okkur þurfa að sækja um þessa aukafjárveitingu.

Miðað við 1000 kr.fjárveitingu á hvern nemanda í grunnskólum Fjarðabyggðar liti þetta svona út;

Neskaupstaður	220 nem	220.000 kr
Eskifjörður	142 nem.	142.000 kr.
Reyðarfjörður	204 nem.	204.000 kr.
Fáskrúðsfjörður	105 nem.	105.000 kr
Breiðdals og		
Stöðvarfjaraðrskóli	29 nem.	100.000 kr.
<b>Samtals:</b>		<b>771.000 kr</b>

Varðandi Breiðdals- og Stöðvarfjaraðrskóla, er augljóst að ekki fást margar bækur fyrir þessa upphæð þannig að við sækjum um 100.000 kr. fyrir þann skóla. Tölur nemenda í hverjum skóla eru fengnar hjá starfsfólki skólana.

Það er von okkar að þetta erindi fái góðar undirtektir, þar sem allir eru vonandi sammála um að það þurfi að efla læsi og lesskilning nemenda.

F.h.Forstöðumanna bókasafnanna.

Gudrun Þunarsdóttir  
Forstöðumadur Bókasafnsins á  
Reyðarfirði